

Setning

Ingvar Birgir Friðleifsson, formaður Jarðhitafélags Íslands

Ágætu málþingsgestir!

Það er mér ánægja að setja þetta málþing sem haldið er til minningar um dr. Guðmund Pálmason, fyrrum forstöðumann Jarðhitadeildar Orkustofnunar og fyrsta formann Jarðhitafélagsins. Þetta er níunda ráðstefnan eða málþingið sem Jarðhitafélag Íslands heldur, en félagið var stofnað í maí árið 2000. Málþingið er haldið í samvinnu við Íslenskar orkurannsóknir og Orkustofnun.

Guðmundur Pálmason fæddist 11. júní 1928 og lést 11. mars 2004. Hann lauk stúdentsprófi frá MR 1949, útskrifaðist sem eðlisverkfræðingur frá Konunglega Tækniháskólanum í Stokkhólmi 1955 og lauk MSc námi í eðlisfræði við Purdue háskóla í Bandaríkjunum 1957. Hann var um árabíl meðal sterkustu skákmanna Íslands. Guðmundur var ráðinn sérfræðingur hjá Jarðhitadeild Raforkumálastjóra (síðar Orkustofnun) 1955 og var forstöðumaður Jarðhitadeildar Orkustofnunar 1964-1996, en þar störfuðu síðari tvo áratugina 30-40 sérfræðingar.

Jarðhitadeild gegndi mjög mikilvægu hlutverki við hitaveituvæðingu landsins á þessum árum, sá um jarðhitaleit, rannsóknir og ráðgjöf við jarðboranir, svo og vinnslutæknilegar rannsóknir og ráðgjöf um land allt. Undir stjórn Guðmundar varð Jarðhitadeild Orkustofnunar heimsþekkt meðal þeirra sem vinna að rannsóknum og vinnslu á jarðhita.

Jafnframt stjórnunarstörfum stundaði Guðmundur grunnrannsóknir á jarðskorpu Íslands og úthafshryggja og hlaut doktorsnafnbót við Háskóla Íslands 1971 fyrir rannsóknir sínar á jarðskorpu Íslands með jarðsveiflumælingum. Hann vann brautryðjendastarf í rannsóknum á eðli landreks á Íslandi og útbjó reiknilíkan sem skýrði megindrætti í jarðfræði landsins út frá landrekinu. Guðmundur var höfundur yfir 50 greina í innlendum og erlendum vísinda- og tækniritum.

Guðmundur starfaði í fjölmörgum innlendum og alþjóðlegum nefndum og stjórnnum. Hann var m.a. í sendinefnd Íslands á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna 1979-1980 og formaður hafsbotsnefndar iðnaðarráðuneytisins 1985-1993. Hann fór sem jarðhitaráðgjafi á vegum Sameinuðu þjóðanna til margra landa. Guðmundur tók mikinn þátt í undirbúningi að stofnun Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, var í undirbúningsnefnd af hálfu íslenskra stjórnvalda og stýrði alþjóðlegum vinnufundi á Laugarvatni 1978 þar sem ákveðið var að mæla með stofnun skólans. Skólinn var síðan vistaður hjá Jarðhitadeild Orkustofnunar. Guðmundur tók mjög virkan þátt í jarðhitaráðstefnum á vegum Sameinuðu þjóðanna í Pisa 1970 og San Francisco 1975. Hann var einn af stofnendum Alþjóðajarðhitasambandsins 1989 og sat í stjórn þess í sex ár. Hann vann mikið þrekvirki sem dagskrárstjóri fyrstu alþjóðajarðhitaráðstefnu sambandsins í Flórens 1995. Þar voru kynnt yfir fimm hundruð fræðileg erindi og þátttakendur voru um þúsund. Guðmundur var einn helsti frumkvöðullinn að stofnun Jarðhitafélags Íslands og fyrsti formaður þess.

Guðmundur hlaut margvíslegar viðurkenningar fyrir vísindastörf sín, bæði innanlands og utan. Í apríl 2003 var hann kjörinn heiðursfélagi Jarðhitafélagsins. Í viðurkenningarskyni við hans mikla framlag til alþjóðlegs jarðhitasamstarfs var honum ekki afhent heiðursfélagaskjalið fyrr en við setningu alþjóðlegrar jarðhitaráðstefnu í Reykjavík í september 2003 þar sem um tvö hundruð þátttakendur frá 32 löndum hylltu hann.

Guðmundur var lánsmaður í einkalífínu. Hann og kona hans Ólöf B. Jónsdóttir eignuðust tvo syni, Jón Pálma og Magnús Atla. Barnabörnin eru sjö.

Á málþinginu munu fimm nánir samstarfsmenn Guðmundar og vinir fjalla um nokkur sérsvið þar sem hann markaði mikilsverð spor. Ólafur G. Flóvenz mun ræða um fræðimanninn Guðmund, Sveinbjörn Björnsson um hin víðtæku alþjóðasamskipti hans, Valgarður Stefánsson um stjórnandann og Friðrik Ólafsson um skákmanninn Guðmund. Að lokum mun Benedikt Steingrímsson sýna myndir úr lífi og starfi Guðmundar.

Síðasta stórverk Guðmundar var að skrifa bók, sem hann nefndi Jarðhitabók – Eðli og nýting auðlindar. Bókin kom út fyrr á þessu ári hjá Hinu íslenska bókmenntafélagi. Bókin er í senn fræðslurit og menningarsöguleg heimild fyrir fróðleiksfúsa lesendur. Í bókinni er rakin framvinda jarðhitarannsóknna hér á landi og sagt frá þeim er ruddu þar braut. Fjallað er um uppruna og eðli jarðhitans og margvísleg not af honum í íslensku þjóðlífi. Í bókinni veitir Guðmundur lesendum fræðilega sýn á þá miklu auðlind sem jarðhitinn er og skýrir efnið með fjölda dæma, teikninga og ljósmynda. Þetta er grundvallarrit um eðli jarðhita og nýtingu hans hér á landi. Þessi merka bók verður til sýnis og sölu í kaffihléinu.

Fyrir hönd Jarðhitafélagsins vil ég þakka ekkju Guðmundar, Ólöfu B. Jónsdóttur, og fyrirlesurum fyrir samstarfið við að halda þetta málþing.

Að svo mæltu set ég málþingið og bið Odd Björnsson, verkfræðing hjá Fjarhitun, að taka við fundarstjórn.

Fræðimaðurinn

Ólafur G. Flóvenz, forstjóri, ÍSOR

Árið 1955 hóf Guðmundur Pálmason störf á að jarðhitarannsóknnum hjá embætti raforkumálastjóra, sem árið 1956 varð Jarðhitadeild raforkumála skrifstofunnar og síðar Orkustofnunar. Meðal fyrstu viðfangsefna hans þar var að stunda viðnámsmælingar til jarðhitaleitar og koma upp tækjum til mælinga á varmaleiðnistuðli bergs til að nota í varmaflæðireikningum. Störf Guðmundar á Jarðhitadeild leiddu hann fljótlega inn á brautir jarðvísindarannsókna og jarðeðlisfræði varð hans sérgrein. Hann vann að rannsóknum á jarðskorpu landsins, m.a. með jarðsveiflumælingum, þyngdarmælingum, varmastraums- mælingum og líkangerð af landreki. Honum varð fljótt ljóst að greinargóð þekking á jarðfræði Íslands og þeim öflum, sem þar eru að verki, væru forsenda fyrir skynsamlegri nýtingu þeirrar miklu auðlindar sem jarðhitinn gæti orðið Íslendingum. Hann vissi að til þess að ná árangri yrði að hafa gott samstarf við erlenda vísindamenn, hvaðan svo sem þeir kæmu. Með því móti myndi hraðast byggjast upp héraðs sýsla þekking í jarðvísindum, sem okkur er nauðsynleg. Guðmundur átti árangursríkt samstarf við vísindamenn víðsvegar að úr heiminum, jafn bandaríska sem sovéska og forðaðist eftir megni að blanda saman pólitík og vísindum eins og því miður stundum var gert á dögum kalda stríðsins. Hann vann m.a. samtímis að landgrunnsrannsóknum við Ísland í tengslum við rannsóknastofnun bandaríska sjóhersins og sovésku vísindaakademíuna og naut trausts beggja.

Árið 1959 kom hingað leiðangur frá Uppsölum undir stjórn Markúsar Båth, sem var þekktur prófessor í jarðskjálftafræðum. Sá leiðangur gerði í samvinnu við Jarðhitadeild og Veðurstofu Íslands fyrstu mælingar á gerð og þykkt jarðskorpunnar undir Íslandi með aðferðum jarðskjálftafræðinnar. Bentu niðurstöður mælinganna til þess að skorpan væri hátt í 30 km þykk undir landinu. Skömmu seinna hóf Jarðhitadeild slíkar mælingar á kerfisbundinn hátt af öllu Íslandi og stóðu þær rannsóknir í áratug undir stjórn Guðmundar. Niðurstöðurnar voru birtar í heild í doktorsritgerð hans árið 1971 og mörkuðu þær tímamót í rannsóknum á jarðskorpu landsins.

Í ritgerðinni sýndi Guðmundur hvernig jarðskorpan á Íslandi skiptist upp í fimm lög sem hann nefndi lag 0, 1, 2, 3, og 4. Lag 0 finnst aðeins í gosbeltinu, hefur lágan P-bylgjuhraða og táknar ung gropin jarðlög nærri yfirborði. Lög 1 og 2 eru sýnileg á yfirborði utan gosbeltanna og reyndust gerð úr mismunandi ummynduðum basalhraunum. Þar fyrir neðan kom þykkt lag með P-bylgjuhraða 6,5 km/s, sem hvergi nær til yfirborðs og svipar mjög til lags 3 í úthafsskorpu.

Af þessu dró Guðmundur þá ályktun að Ísland væri gert úr úthafsskorpu. Þessar ályktanir hafa staðist tímans tönn þótt nú sé fremur talið að hraði vaxi nær samfelld frá yfirborði og niður að lagi 3. Hafa ber í huga að öll úrvinnsla úr mælingum Guðmundar var gerð rétt áður en sú tölvuöld gekk í garð, sem margfaldaði möguleika jarðeðlisfræðinga til úrvinnslu gagna.

Neðan lags 3 taldi Guðmundur taka við annað afmarkað lag, lag 4, með P-bylgjuhraða 7,2 km/s. Þetta lag túlkaði Guðmundur sem möttul með afbrigðilegan lágan hljóðhraða af völdum hás hita og studdi þá ályktun með niðurstöðum hitastiguls mælinga á landinu. Þessi túlkun náði mikilli útbreiðslu en mætti þó alltaf andstöðu sovéskra samstarfsmanna Guðmundar, sem töldu að jarðskorpan á Íslandi væri miklu þykkari og kaldari og jafnframt að ekkert landrek væri til staðar. Nákvæmar bylgjubrotsmælingar, sem gerðar voru með nýrri tækni upp úr 1990, m.a. með þátttöku Jarðhitadeildar Orkustofnunar, benda hins vegar eindregið til þess að jarðskorpan sé mun þykkari en Guðmundur taldi á þeim tíma. Þannig er lag 4 í líkan Guðmundar nú almennt talið vera neðri hluti jarðskorpunnar.

Samhliða rannsóknnum sínum á skorpugerð skrifaði Guðmundur greinar um hitaflæði á Íslandi samkvæmt niðurstöðum hitamælinga í borholum. Hann varð virkur í alþjóðastarfi um rannsóknir á hitaflæði jarðar og starfaði um tíma með alþjóða hitaflæðisnefndinni.

Um 1970 óx landrekskenningunni mjög fylgi. Þetta var í árdaga tölvuvæðingar. Til að skilja samhengið milli jarðfræði Íslands og landreksins hófst Guðmundur handa við að útbúa reiknilíkan í tölvu af landreki og áhrifum þess á jarðfræði við gliðnunarbelti jarðar. Þetta líkan olli straumhvörfum í skilningi manna á jarðfræði landsins og úthafshryggjanna, eins og skýrt er á meðfylgjandi mynd. Verður að telja reiklanið eitt mikilvægasta framlag Guðmundar til íslenskra jarðvísinda.

Trausti Einarsson, prófessor, hafði árið 1954 unnið það afrek að mæla og gefa út fyrsta þyngdarkortið af Íslandi. Þótt það sýndi megindrættina í þyngdarsviðinu var það gróft og ónákvæmt. Árið 1967 hófust mun ítarlegri þyngdarmælingar af landinu undir stjórn Guðmundar en í samvinnu við Kortadeild Bandaríkjahers. Gunnar Þorbergsson sá að mestu um framkvæmd sjálfra mælinganna og vinnslu þeirra. Að auki var mælt á landgrunninu umhverfis Ísland í samvinnu við Sjósmælingar Íslands. Stóðu þyngdarmælingarnar með hléum fram til 1985.

Nýtt þyngdarkort af Íslandi kom út í skýrslu á vegum Orkustofnunar árið 1990. Höfundar voru Gunnar Þorbergsson, Ingvar Þór Magnússon og Guðmundur. Í framhaldi af því beitti Guðmundur sér fyrir því að fá hingað rússneskan jarðeðlisfræðing, Mikhail Kaban, sérfræðing í túlkun þyngdarmælinga, sem vann ásamt honum og greinarhöfundi að jarðvísindalegri túlkun þyngdarmælinganna með tilliti til jarðskorpugerðar. Voru þær niðurstöður birtar í grein árið 2002 þar sem m.a. er birt nýtt kort af þykkt jarðskorpunnar á Íslandi. Var það síðasta birta vísindagrein Guðmundar á meir en fjögurra áratuga vísindaferli.

Snemma á níunda áratugnum beitti Guðmundur sér fyrir því að hafin var vinna við að meta jarðvarmaforða Íslands og leiddi hann verkið. Að því kom stór hópur sérfræðinga Orkustofnunar. Matið var rúmmálsmat, sem fól í sér að reikna út hversu mikill varmi væri fólgin í efstu 3 og 10 km jarðskorpunnar, hversu mikill náttúrulegt varmatap jarðhitasvæðanna væri, hversu mikill hluti þessa bundna varma væri tæknilega vinnanlegur og loks hve stór hluti væri hagkvæmur til vinnslu. Þessu verki lauk með útkomu skýrslunnar *Mat á jarðvarma Íslands* árið 1985. Þetta er enn, tveimur áratugum síðar, helsta matið á stærð jarðhitaauðlindar Íslands.

Guðmundur hafði mikinn áhuga á landgrunsmálum, bæði frá vísindalegu og efnahagslegu sjónarmiði. Hann beitti sér fyrir ýmsum rannsóknnum á landgrunninu í samvinnu við erlendar rannsóknastofnanir og birti árið 1974 ágæta yfirlitsgrein um landgrunnið umhverfis Ísland.

Um 1970 hófu sovéskir jarðvísindamenn umfangsmiklar jarðvísindarannsóknir á Íslandi. Komu leiðangrar á vegum sovésku vísindaakademíunnar hingað til lands hvað eftir annað fram til 1986. Einn þekktasti jarðvísindamaður Sovétríkjanna á þessum árum, prófessor Belousov, hafði umsjón með þessum rannsóknnum. Mest voru umsvif þeirra á sviði jarðsveiflumælinga, bæði bylgjubrotsmælinga og endurkastmælinga. Þessar rannsóknir fóru fram í nánú samstarfi við Jarðhitadeild Orkustofnunar og var Guðmundur þeirra helsti samstarfsmaður. Fór hann nokkrum sinnum til Sovétríkjanna á þessum árum í tengslum við úrvinnslu þessara mælinga. Þrátt fyrir verulegan ágreining um jarðfræðilega túlkun á niðurstöðum rannsóknanna var samstarfið ávallt vinsamlegt og skoðanaskipti opin.

Þegar Guðmundur lét af starfi forstöðumanns tók hann að sér að rita bók um jarðhita á Íslandi og þróun hans. Þetta reyndist mikið verk og lauk hann við handrit að bókinni tveimur vikum áður en hann lést. Kom þetta rit, sem ber nafnið *Jarðhitabók – eðli og nýting auðlindar*, út hjá Hinu íslenska bókmenntafélagi snemma árs 2005.

Ef til vill má best lýsa framlagi Guðmundar til fræðimennsku jarðvísindanna með því að vitna til orða prófessors Markhus Båth frá Uppsalaháskóla sem hann viðhafði um doktorsritgerð Guðmundar, en Båth var andmælandi við doktorsvörnina: ”Pálmason has no doubt produced a very valuable scientific document based on an enormous amount of field work and interpretational work. He has dealt with his problems with great accuracy and he has been well aware of various effects which could influence his conclusions.”

Alþjóðasamskipti og þróun Jarðhitadeildar

Sveinbjörn Björnsson, Orkustofnun

Fimmtíu ára saga Jarðhitadeildar Raforkumálaskrifstofunnar og síðar Orkustofnunar ber skýr merki tveggja forstöðumanna hennar, Gunnars Böðvarssonar 1947 – 64 og Guðmundar Pálmasonar 1964 – 96. Undir þeirra forustu var byggð upp frá grunni ein fremsta vísindastofnun heims í jarðhitarannsóknum. Hún var hagnýt jarðfræðistofnun en ekki síður miðstöð grunnrannsókna í jarðvísindum hér á landi og helsta athvarf ungra námsmanna, sérfræðinga og erlendra rannsóknarleiðangra, þar til kennslu og rannsóknarnámi í þessum greinum við Háskóla Íslands fór að vaxa fiskur um hrygg.

Upp frá því jókst áhersla Jarðhitadeildarinnar á notkun þekkingarinnar til jarðhitaleitar og framfara við virkjun lághita og háhita, en almennar grunnrannsóknir héldust þó sem traustur þráður í starfsemi og flestir erlendir leiðangrar sem hingað komu til rannsókna á jarðfræði Íslands og hafsbotsins umhverfis leituðu eftir samstarfi við hana.

Bæði Gunnar og Guðmundur skildu vel að forsenda fyrir árangri í jarðhitarannsóknum var staðgóð þekking á jarðfræði Íslands í alþjóðlegu samhengi og þeir lögðu því áherslu á gott samstarf við erlenda vísindamenn og kappkostuðu að nýta reynslu, þekkingu og tækni þeirra til framfara hér á landi.

Þróunarsögu íslenskra jarðvísinda og þar með Jarðhitadeildar verður að túlka í ljósi aðstæðna á hverjum tíma. Þótt þróunin hafi verið að mestu samfelld og til framfara réðu oft einstök atvik eða atburðir miklu um gang mála.

Þar mætti nefna:

1947-49 Heklugosið

1955 Ráðstefnu Sp í Vín um friðsamlega nýtingu kjarnorku

1961 Ráðstefnu Sp í Róm um nýjar orkulindir

1961 Verkfall verkfræðinga

1963-67 Surtseyjargosið

1967 Botnrekskenningu um miðhafshryggi

1968 Kennslu til BS prófs í jarðvísindum við Háskóla Íslands

1970 Ráðstefnu Sp í Pisa um jarðhita

1973 Heimaeyjargosið

1973 Olúkreppu og mörkun stefnu um notkun jarðhita í stað olíu til húshitunar

1975 Ráðstefnu Sp í San Fransisco um jarðhita

1975 – 84 Kröfluelda og Kröfluvirkjun

1978 Kjarnaborun í Reyðarfirði

Þegar Jarðhitadeild var stofnsett 1947 var engin kennsla í jarðvísindum við háskóla hér á landi og mjög fáir höfðu stundað nám á því sviði. Við Háskólann var kennt til fyrri hlutaprófs í verkfræði en þeir sem vildu fara í nám í náttúrufræði urðu að sækja sér menntun til annarra landa. Heklugosið gaf mikilvæg tækifæri til rannsókna en hvatti ekki marga til náms. Kjarninn í fyrsta starfslíði Jarðhitadeildar var því verkfræðingar. Þeir stuðluðu hins vegar á margan hátt að uppbyggingu jarðeðlisfræðirannsókna við Háskólann, einkum Kjarnfræðanefnd Íslands sem átti sér sterkan bakhjarl í Jakobi Gíslasyni raforkumálastjóra og Steingrími Jónssyni rafmagnsstjóra.

Gunnar Böðvarsson var einnig drjúgur frumkvöðull og ruddi mörgum nýjungum braut sem hann kynntist í ferðum til annarra landa og í doktorsnámi sínu við CalTech í Bandaríkjunum 1955 – 57.

Verkfall verkfræðinga 1961 varð mjög afdrifaríkt fyrir þróun Jarðhitadeildar. Fram að því var þunginn í starfsemi Jarðhitadeildar á sviði vinnslutækni og tilrauna um nýtingu jarðhita í iðnaði. Verkfallið leystist aldrei, flestir verkfræðinganna stofnuðu eigin fyrirtæki og með því fluttist þessi þáttur að mestu til einkafyrirtækja og ráðgjafarstofa. Í stað verkfræðinganna voru nú ráðnir náttúrufræðingar eftir því sem þeir tíndust að utan úr námi og megináhersla í starfsemi deildarinnar færðist yfir á jarðvísindi.

Með Surtseyjargosi og endurlífgun kenningarinnar um landrek jókst áhugi erlendra rannsóknastofnana á jarðfræði Íslands og hingað komu margir af fremstu vísindamönnum Bandaríkjanna, Sovétríkjanna, Bretlands og Þýskalands til rannsókna og samvinnu. Víðsýni Guðmundar og annarra forustumanna Orkustofnunar leiddi til náins samstarfs þessara manna við Jarðhitadeild. Þeir fluttu með sér bestu tækni, nýjungar í rannsóknaraðferðum og vænt styrkfé til rannsóknarverkefna. Samstarfið opnaði einnig margar fremstu stofnanir heims fyrir íslenskum námsmönnum til rannsóknarnáms með íslensk viðfangsefni. Sumir fóru utan til náms eftir að hafa kynnst erlendum háskólamönnum í sumarvinnu hjá Jarðhitadeild, aðrir til framhaldsnáms eftir BS próf við Háskóla Íslands.

Íslendingar létu fyrst að sér kveða um jarðhita á alþjóðaráðstefnu Sp í Róm 1961, síðan í Pisa 1970 og San Fransisco 1975. Sem oddviti sterkustu rannsóknarstofnunar landsins í jarðvísindum og mikilvirkur jarðvísindamaður varð Guðmundur eftirsóttur til alþjóðlegs samstarfs og hann átti mikilsverð og góð samskipti við vísindamenn sem hingað sóttu til rannsókna, og í alþjóðlegum nefndum og félögum þar fjallað var um jarðvísindi. Sú yfirsýn og reynsla sem hann og samstarfsmenn hans öðluðust við þessi samskipti auðveldaði sóknina til framfara og jók einnig á álit annarra þjóða á getu Íslendinga á sviði jarðhita. Skýrt merki um þá viðurkenningu var stofnun Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna hér á landi 1979. Skólinn hefur nú starfað í 25 ár og eru nemendur hans lykilmenn í rannsóknum og nýtingu jarðhita í fjölmörgum ríkjum í öllum heimsálfum. Sú þróunaraðstoð sem Ísland veitir með þessum hætti hefur unnið Jarðhitadeild virðingu og þótt til fyrirmyndar. Hápunkti starfa í þágu alþjóðasamstarfs um jarðhita náði Guðmundur á alþjóðaráðstefnunni í Flórens 1995 þar sem hann gegndi störfum formanns tæknidagskrárnefndar og bar meginþunga fræðilegs undirbúnings.

Af því sem hér hefur verið rakið má ráða að á þeim 30 árum sem Guðmundur veitti Jarðhitadeild forstöðu gegndi hún bæði hlutverki hagnýtrar jarðfræðistofnunar og háskólastofnunar með alþjóðleg viðmið og samskipti. Án grunnrannsókna hennar og þátttöku í alþjóðasamskiptum væru íslensk jarðvísindi ekki í fremstu röð.

Annálsbrot

Hér á eftir er stiklað á nokkrum annálsbrotum sem eru valin til að styðja staðhæfingar mínar í þessu ávarpi. Mikið vantar þó á heildarmynd.

Frumkvöðlar við upphaf

Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri 1921 – 61, framkvæmdastjóri Sogsvirkjunar 1937 – 65.

Jakob Gíslason, vann að áætlunum um raforkuver og rafmagnsveitur á vegum ríkisstjórnarinnar frá 1929, og var falið eftirlit með raforkuvirkjum um allt land frá 1930, forstöðumaður Rafmagnseftirlits ríkisins frá 1933, raforkumálastjóri frá 1947, orkumálastjóri frá 1967 – 72.

Gunnar Böðvarsson verkfræðingur hjá Raforkueftirliti ríkisins 1945 – 47, yfirverkfræðingur hjá Jarðborunum ríkisins og Jarðhitadeild Raforkumálaskrifstofunnar

1947 – 61, við doktorsnám í CalTech, USA 1955 – 57, hjá Vermí sf 1962 – 64, prófessor við Oregon State University, USA frá 1964.

Trausti Einarsson stjórnufræðingur og prófessor við verkfræðideild HÍ frá 1945 -77

Steinþór Sigurðsson stjórnufræðingur, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs 1939 –47

Þorbjörn Sigurgeirsson eðlisfræðingur, vann með Niels Bohr í Kaupmannahöfn til 1943, dvöl í Svíþjóð 1943 – 45, Bandaríkjunum 45- 47, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs 49 – 57, prófessor við HÍ 1957 - 87

Páttur Jarðhitadeildar í kjarnfræðarannsóknunum og tilurð Eðlisfræðistofnunar

1946 Gunnar Böðvarsson fer til Bandaríkjanna að kynna sér jarðeðlisfræðilegar aðferðir í jarðkönnun.

1947 Þorbjörn Sigurgeirsson kemur frá Bandaríkjunum úr rannsóknum á geimgeislum. Hann þekkir til ísótópamælinga og þungs vatns

1949 Baldur Líndal fær verkefni hjá Gunnari Böðvarssyni að reikna vinnslu þungs vatns með eimingu.

1955 Ráðstefna Sp um friðsamlega nýtingu kjarnorku, Kristján Albertsson, Þorbjörn Sigurgeirsson, Magnús Magnússon. Sendinefndin mælti með því að komið yrði á fót geislaæmelingastofu og gerð rækileg athugun á möguleikum til framleiðslu þungs vatns með notkun jarðhita.

1955 Landsnefnd Íslands í AOR tók málið til umræðu. Jakob Gíslason formaður. Landsnefndin skipar í undirbúningsnefnd Gunnar Böðvarsson, Jakob Gíslason, Steingrímur Jónsson, Þorbjörn Sigurgeirsson.

1955 Guðmundur Pálmason vinnur úr gögnum um þungt vatn og rannsakar skilyrði til þungavatnsvinnslu.

1956 Kjarnfræðanefnd Íslands stofnuð, 26 aðilar, sterkasti bakhjarl Jakob Gíslason, formaður Þorbjörn Sigurgeirsson

1956 – 58 Magnús Magnússon framkvæmdastjóri Kjarnfræðanefndar

1957 Stofnað prófessorsembætti í eðlisfræði við HÍ.

1958 Rannsóknastofa í geislaæmelingum tekur til starfa. Bergsegulmælingar flytjast með Þorbirni frá Rannsóknaráði til Háskólans. Segulmælingastöð í Leirvogi tekur til starfa. Eðlisfræðistofnun Háskólans orðin til.

1958 – 60 Björn Kristinsson framkvæmdastjóri Kjarnfræðanefndar

1958 – 60 Gufubor borar norður af Hveragerði eftir gufu til vinnslu þungs vatns

1960 Styrkur IAEA til kaupa á massagreini fyrir tvívetni og tækja til trítíummælinga,

1963 Irving Friedman kemur til að setja massagreinin upp hjá Eðlisfræðistofnun Háskólans.

1977 IAEA í Vín veitir Jarðhitadeild styrk til kaupa á sérbúnum bíl til mælinga á geislavirkni í borholum og holrými í bergi með nifteindamælingum

198? IAEA veitir enn styrk að ósk Raunvísindastofnunar og Jarðhitadeildar til kaupa á nýjum massagreini til rannsókna á samsætum vetnis, súrefnis og kolefnis

Starfslið Jarðhitadeildar fyrir verkfall verkfræðinga 1961

Gunnar Böðvarsson, Raforkueftirlit 1945 – 47, Jarðhitadeild og Jarðboranir 47 – 54, doktorsnám í USA 55-57, Jarðhitadeild 57 – **61**, Vermir sf 1962 - 64

Þorsteinn Thorsteinsson, Jarðboranir ríkisins 1945 – 46, meistaranám í USA 47 –49, Jarðboranir ríkisins 49 – 55, 56 – 58, Gufubor 58 – 64, Jarðhitadeild 64 - 90

Baldur Líndal 1949 – **61**

Þorbjörn Karlsson 1955 - **61**

Guðlaugur Hjörleifsson 1955 – **61**

Guðmundur Pálmason 1955 –56, 1957- 97

Ísleifur Jónsson 1956 – **61**, Vermir sf 1962 – 63, Jarðboranir ríkisins 1964 – 68

Sigurður V. Hallsson 1957 - **61**

Sveinn Einarsson 1958 – **61**, Vermir sf 1962 - 69

Jón Jónsson 1958 – 80

Bylgjubrotsmælingar

1959 prófessor Markus Båth frá Uppsalaháskóla kemur til mælinga í samvinnu við Jarðhitadeild og Veðurstofu. Fyrsta mælingin 1959, 8 línur 1960.

1961 Raforkumálaskrifstofa kaupir sömu tæki og Båth notaði. Guðmundur Pálmason stýrir mælingum næstu 7 ár, fyrst á landi en 1966 og 1967 á sjó fyrir Vesturlandi og Suðurlandi.

1968-70 Guðmundur fær Paul S. Bauer styrk til að vera við Raunvísindastofnun hálf tann ári til að skrifa ritgerð um niðurstöður mælinga og ver doktorsritgerð um efnið 1971.

1971 - 73 Rannsóknaleiðangrar sovésku vísindaakademíunnar undir stjórn Belousovs. (stratigraphy, lithology, volcanology, geomorphology, tectonics, seismology, deep crustal structure, geothermics and geochemistry of rocks and water) Rannsóknaskipið Akademik Kurchatov 1971 og 1973, leiðangursstjóri Udintsev. 1973 í samvinnu við rannsóknaskipið Vema frá Lamontstofnuninni í USA, undirbúningur fyrir Glomar Challenger borun 1974

1972 Rannsóknaskipið Mikhail Lomonosov, leiðangursstjóri Zverev. Samvinna í North Atlantic Seismic Project NASP við prófessor Bott í Durhamháskóla, Karl Gunnarsson stúdent. Akhmetiev 1973 - 75 Rússar voru hér við rannsóknir allt fram til 1986

1977 Samvinna við Þjóðverja um Reykjanes Ridge Iceland Seismic Project

Samstarf um rannsóknir á Surtsey og miðhafshryggjum

1964 Í tilefni Surtseyjargoss kom full Skymastervél af mörgum fremstu vísindamönnum í USA. Foringinn Paul S. Bauer prófessor við American University, Washington. Samstarf

tókst við marga þeirra bæði í jarðvísindum og lífvísindum, tæki fengin að láni og góðir styrkir til rannsókna.

1964 NSF veitir Gunnari Böðvarssyni og Þorbirni Sigurgeirssyni styrk til kaupa á Geotech segulbandi til skjálftamælinga í Surtsey.

1966 og 1968 Jules Friedman og R.S Williams frá USGS, prófuðu tækni til fjarkönnunar og innrauðrar myndvinnslu af eldfjöllum og jarðhita Surtseyjarráðstefna júní 1967. Ráðstefnuna sóttu m.a. William E. Benson, NSF, Robert W. Decker, Dartmouth, Charles L. Drake, Norman.J.Hubbard, Jack Oliver og Peter L. Ward, Lamont, Dallas.L.Peck, USGS, J.F.Schairer, Carnegie , J.S.Rhinehart, Boulder, , A.H. Woodcock, Hawaii

1967 Iceland and Mid-Ocean Ridges ráðstefna í tilefni fréttu af túlkun segulræma á hafsbotni sem vísbendingu um botnrek frá hryggjum.

1967 Þyngdarmælingar í samvinnu við bandaríska landherinn. Army Topographic Command, seinna Defense Mapping Agency Topographic. Árið 1951 hafði Jarðhitadeild keypt Worden þyngdarmæli. Trausti Einarsson notaði hann til mælinga á Hengilssvæði norðan Hveragerðis. Gerði síðan mælingar um allt land og birti fyrsta þyngdarkortið af landinu 1954. Nú sá Gunnar Þorbergsson um mælingar. Þeim lauk á landi að mestu 1971 en auk þess var mælt á landgrunni 1972 – 73, þyngdarlægð fyrir Norðurlandi benti til þykkra setlaga þar. Orkustofnun keypti LaCoste Romberg þyngdarmæli og mældi fram til 1985. Síðan úrvinnsla með Rússanum Mikhail Kaban fram til 2002.

1967 – 70 Samvinna Lamontstofnunar og Jarðhitadeildar um smáskjálftamælingar

1971 –76 Styrkur frá NAS til samvinnu Lamont, Jarðhitadeildar og Raunvísindastofnunar um skjálftamælanet á Reykjanesskaga

1971 – 79 Guðmundur Pálmason formaður alþjóðlegs vinnuhóps um rannsóknir á sprungu- og gliðnunarbeltum jarðar

1972 Að tillögu Guðmundar Pálmasonar var skipuð nefnd til að undirbúa ráðstefnuna Geodynamics of Iceland and the North Atlantic Area, 1974.

1973 – 74 Guðmundur Pálmason var gistiprófessor Lamontstofnunar, Columbiaskólans

1978 Borun Reyðarfjarðarholu , Iceland Research Drilling Project, greinar í JGR 1982

1980 Zeitschrift für Geophysik helgað Íslandi

1985 Íslandshefti JGR

Störf Guðmundar við ráðgjöf, í alþjóðanefndum og á þingum

1965 –69 Við ráðgjafarstörf á vegum Sp á Filippseyjum og í Malí 1965, El Salvador 1966 og 1967, Tævan 1969

1968 Unesco vinnufundur í París um jarðhitarannsóknir. Tímaritið Geothermics spratt af þessu.

1969 - 85 ýmsar landgrunnsnefndir og hafsbotnsrannsóknir.

1970 Pisa, Ráðstefna Sp um jarðhita

1973 - 95? Í stjórn Norrænu eldfjallastöðvarinnar

1975 San Fransisco, Ráðstefna SP um jarðhita

1981 – 96 Fulltrúi Íslands í alþjóðasamstarfi jarðvísinda- og jarðhitamanna. WEGS, síðar FOREGS, nú EuroGeoSurveys

1977 - 79 Í vísindanefnd NATO

1978 Við ráðgjafarstörf á vegum Unesco í Norður Kóreu

1978 Stýrði fundi á Laugarvatni sem leiddi til stofnunar Jarðhitaskóla HSþ 1979

1979 – 80 Í sendinefnd Íslands á hafréttarráðstefnu Sp

1982 Við ráðgjafarstörf á vegum Unido-Alþjóðabankans á Filippseyjum

1985 – 93 Formaður hafsbotnsnefndar iðnaðarráðuneytisins

1989 Meðal frumkvöðla að stofnun Alþjóðajarðhitasambandsins IGA, í stjórn til 1995

1995 Formaður tæknidagskrárnefndar alþjóðaráðstefnu um jarðhita (IGA) í Flórens

Auk þess var Guðmundur í ESF hóp um djúpsjárboranir, fulltrúi Íslands í IUGG og alþjóða varmaflæðinefnd

Stjórnandinn

Valgarður Stefánsson, framkvæmdastjóri, Alþjóðajarðhitasambandið

Að velja sér yfirmann

Það skiptir okkur öll mjög miklu máli að okkur semji vel við samstarfsfólk okkar. Þetta gildir jafnt um alla, bæði yfirmenn og undirmenn. Oftast tala menn um að hægt sé að velja sér góða undirmenn, en sjaldnar um það að hægt sé að velja sér góða yfirmenn. Samskipti undirmanna og yfirmanna er þó gagnkvæmt ferli og ólíklegt að yfirmanni haldist á góðum undirmönnum nema því aðeins að undirmennirnir sætti sig við yfirmanninn.

Ég tel mig geta státað af því að hafa sumarið 1973 valið mér yfirmann. Ég valdi mér Guðmund Pálmason sem yfirmann og voru báðir aðilar tiltölulega sáttir við það val. A.m.k. hélt þetta fyrirkomulag í rúma þrjá áratugi.

Sumarið 1973 voru aðstæður mínar þær að ég hafði þá um vorið varið doktorsritgerð í kjarneðlisfræði við Stokkhólmsháskóla og fluttist búferlum til Fróns. Það var ekki fyrr en eftir komuna til Íslands, sem ég fór að leita mér að vinnu. Möguleikarnir að fá starf á sviði kjarneðlisfræði á Íslandi voru takmarkaðir árið 1973, en þeir Þorbjörn Sigurgeirsson og Páll Theodorsson vildu gjarnan ráða mig til starfa.

Hinn kosturinn sem stóð mér til boða var vinna á Jarðhitadeild, en þar hafði ég starfað sem sumarmaður nokkur sumur meðan á námi stóð. Ég þekkti því Guðmund Pálmason þegar hér var komið sögu, en það mál sem ég þurfti að ráða fram úr var hvort ég vildi starfa við jarðhita eða kjarneðlisfræði. Þetta var mér ekki einfalt mál og svona eftirá að hyggja finnst mér það merkilegt að ég skyldi velja Guðmund og Jarðhitadeild fram yfir Þorbjörn og Háskólann. Ég var jú búinn að verja um áratug í að mænnta mig í kjarneðlisfræði en valdi mér svo allt annan starfsvettvang. Ég taldi sem sagt á þessum tíma að það skipti miklu máli að velja sér góðan yfirmann.

Mannauðsstjórnun

Guðmundur Pálmason stjórnaði Jarðhitadeild í meira en fjóra áratugi. Þjóðfélagið og tíðarandinn breyttist auðvitað mikið á þessu tímabili, en stjórnandinn fylgdi tíðarandanum og Guðmundi var alltaf umhugað um að stjórnunaraðgerðir á JHD kæmu allri Jarðhitadeild til góða.

Helsta einkenni á Guðmundi sem stjórnanda var að hann fól okkur samstarfsmönnum sínum verk að vinna og hann treysti mönnum fullkomlega til að klára þau verk sem hann hafði falið þeim. Þar sem hann treysti okkur fullkomlega til að leysa verkefnið vel af hendi fannst honum ekki ástæða til þess fylgjast sérstaklega með því hvernig við unnum okkar verk. Í sumum tilvikum misskildu starfsmenn þessa afstöðu Guðmundar og túlkuðu þetta traust hans sem afskiptaleysi og stjórnleysi. Flestum starfsmönnum JHD líkaði þó vel við það fyrirkomulag að glíma sjálfir við að leysa þau verkefni sem þeim var falið og Guðmundi líkaði líka vel að þurfa ekki að sinna öllum smáatriðum starfseminnar. Á hinn bóginn voru líka fyrir hendi starfsmenn á JHD sem þurftu meiri athygli yfirmanns síns og þessum starfsmönnum líkaði ekki eins vel við stjórnunarstíl Guðmundar.

Þegar ég hóf störf á Jarðhitadeild árið 1973 voru þar fyrir hendi þrjár undirdeildir. Þær voru:

Rannsókn háhita
Rannsókn lághita
Vinnslutækni

Á næstu árum fór fram á JHD allmikil umræða um hvernig heppilegt væri að haga starfsemi deildarinnar. Nýju starfsmennirnir höfðu skoðun á skipulagi deildarinnar. Niðurstaða umræðunnar varð sú að tvöfalda fjölda deildarstjóra og skipta starfseminni í eftirfarandi undirdeildir:

Jarðfræðikortlagning
Borholujarðfræði
Jarðeðlisfræði
Borholumælingar
Jarðefnafræði
Vinnslutækni

Þegar kom svo að því að semja kennsluskrá fyrir Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna nokkru seinna var deildarskipting JHD lögð til grundvallar starfsemi skólans og námsbrautir Jarðhitaskólans urðu þær sömu og deildir Jarðhitadeildar. Jarðhitaskólinn varð svo sjöunda undirdeildin á Jarðhitadeild.

Mér sýnist að deildarskipting Jarðhitadeildar og námsbrautir Jarðhitaskólans vera séríslenskt fyrirbæri. Það er trúlegt að þetta skipulag hafi hjálpað bæði JHD og Jarðhitaskólanum til að ná árangri í starfi, en ég held þó að þáttur stjórnandans hafi skipt meginmáli fyrir árangur starfseminnar.

Ef reynt er að meta Guðmund Pálmason sem stjórnanda held ég að það vegi þyngst að skoða hvað varð úr Jarðhitadeild undir hans stjórn. Þar er skemmst frá að segja að JHD varð ein besta og virtasta jarðhitastofnun í heimi undir hans stjórn. Hvaða ástæður liggja að baki þess að vísindaleg starfsemi nær miklum árangri eru eflaust margar, en mér sýnist það liggja í augum uppi að Guðmundi tókst að láta starfsmenn JHD ná miklum árangri í rannsókn og nýtingu jarðhita. Honum tókst að ná mjög miklu út úr þeim starfsmönnum sem störfuðu á Jarðhitadeild.

Nú á dögum tala menn um mannauðsstjórnun sem sértæka nálgun á stjórnun starfsmanna til að nýta á skipulegan hátt þekkingu starfsmannanna til að ná fyrirfram gefnum markmiðum. Þó Guðmundur Pálmason hafi líklega ekki þekkt hugtakið mannauðsstjórnun, tókst honum að láta starfsmenn JHD ná svo miklum árangri í rannsóknum og nýtingu jarðhita að eftir því var tekið á alþjóðavettvangi.

Hér er rétt að benda á að allan þann tíma sem Guðmundur stýrir JHD er litið á OS sem rannsóknarstofnun. Að ná árangri í rannsóknum eru því meginmarkmið starfseminnar og JHD er í þeirri eftirsóknarverðu stöðu að vera í mjög nánum tengslum við hitaveitur og aðra jarðhitanotendur. Bein tengsl fræðanna við raunveruleikann var því mjög hagstætt á JHD.

Guðmundur Pálmason var vísindamaður sem náði árangri. Á þann hátt var hann okkur starfsmönnum gott fordæmi í starfi, en hann treysti okkur líka fyrir því sem við vorum að gera og gaf okkur nokkuð lausan taum að leysa verkefnið eftir okkar eigin höfði. Þetta fyrirkomulag reyndist mjög árangursríkt.


Ytri aðstæður

Á þeim fjórum áratugum sem Guðmundur stjórnaði Jarðhitadeild breyttust ytri aðstæður allverulega. Fyrri hluta tímabilsins var JHD í stöðugum vexti. Þegar ég byrjaði sem sumarmaður á JHD sumarið 1959 voru fastir starfsmenn deildarinnar sex. Árið 1967, þegar JHD verður hluti af nýstofnaðri Orkustofnun eru starfsmenn JHD 11 talsins og þeir eru:

Guðmundur Pálmason, M.S., forstöðumaður deildarinnar
 Jón Jónsson, fil.lic., jarðfræðingur
 Sveinbjörn Björnsson, dipl. phys., eðlisfræðingur
 Þorsteinn Thorsteinsson, M.S., verkfræðingur
 Kristján Sæmundsson, dr. rer. nat., jarðfræðingur
 Jens Tómasson, cand. real., bergfræðingur
 Gunnar Höskuldsson, fulltrúi
 Stefán Sigurmundsson, mælingamaður
 Ólafur Sigurjónsson, verkstjóri
 Sigríður Guðbjörnsdóttir, ritari
 Kristín Ólafsdóttir, ritari (1/2 daginn)

Deildin heldur síðan áfram að vaxa fram yfir 1980. Árið 1985 er fjöldi starfsmanna JHD 56. Þessi aukning starfseminnar tengist fyrst og fremst hitaveituvæðingunni og sérstökum verkefnum sem deildinni var falið vegna Kröfluvirkjunar.

Mynd 1 sýnir veltu Orkustofnunnar á föstu verðlagi á tímabilinu 1967-1996. Veltan endurspeglar umfang starfsemi stofnunarinnar nokkuð vel og velta JHD var yfirleitt um 40-45% af veltu stofnunarinnar.



Mynd 1. Velta Orkustofnunnar 1967-1996 á verðlagi ársins 1980.


Penslan í veltu og umsvifum Orkustofnunnar stóð í um 15 ár og aukningin á JHD samsvarar því að á hverju einasta ári á þessu 15 ára tímabili bætast við um 3 nýjir starfsmenn á Jarðhitadeild. Þetta er mjög mikil og hröð aukning á starfseminni og það gefur auga leið að öll nýliðun Jarðhitadeildar var ungt fólk. Aldursdreifing starfsmanna JHD varð því fljótt mjög hagstæð til þess að ná árangri í vísindastarfsemi. Að öðru jöfnu er fyrri hluti starfsævi vísindamanna frjórri en seinni hlutinn.

Á níunda og tíunda tug liðinnar aldar lenti Orkustofnun í síendurteknum úttektum misviturra ráðgjafa um starfsemi stofnunarinnar. Það var mjög sársaukafullur tími fyrir alla starfsmenn OS á meðan stjórnvöld drógu verulega úr fjárveitingum til orkurannsókna. Með auknum sölutekjum Jarðhitadeildar tókst þó að halda umfangi starfseminnar nokkuð óbreyttu þó að fjárveitingar frá ríkinu lækkuðu jafnt og þétt.

Þjóðhagslegur ávinningur

Guðmundur sýndi fram á efnahagslegt gildi jarðhitans fyrir íslenskt þjóðarþú. Með því að reikna út upphitunarkostnað húsa með jarðhita og olíu eins og gert er í mynd 2, fæst fram sparnaður Íslendinga af notkun jarðhitans borið saman við olíuhitun.

Guðmundur reiknaði út að á 30 ára tímabili 1970-2000, sem sýnt er á mynd 2 er uppsafnaður sparnaður 356 miljarðar króna, og að ef þessi sparnaður er reiknaður til núvirðis á árinu 2000 væri upphæðin um 650 miljarðar króna sem nemur meira en þreföldum fjárlögum íslenska ríkisins á árinu 2000. Það er líka athyglisvert að þjóðhagslegur ávinningur af hitaveitum reiknast um sex sinnum hærri en ávinningur þjóðarinnar af stóriðju.



Mynd 2. Sparnaður af notkun jarðhita til upphitunar borið saman við olíuhitun.

Guðmundur Pálmason stýrði Jarðhitadeild á meðan hitaveituvæðing landsins var gerð. Hann átti því mikinn þátt í ávinningi þjóðarinnar af jarðhitanýtingu.

Skákmaðurinn

Friðrik Ólafsson, stórmeistari

Mér er ljúft að segja nokkur orð hér í dag um féлага minn Guðmund Pálmason og kynni mín af honum sem skákmanni. Guðmundur var fyrr á árum í hópi kunnustu skákanna þjóðarinnar og ég átti því láni að fagna að eiga samleið með honum um ævintýralendur skákarinnar um langt árabil. Með okkur stofnuðust traust vináttubönd sem aldrei bar skugga á þótt vissulega væri stundum tekist á af mikilli kappsemi á reitunum 64.

Ef ég ætti að lýsa því í örfáum orðum hvað mér hafi fundist vera aðalsmerki Guðmundar Pálmasonar sem skákmanns kæmi mér fyrst í hug sú fágun og festa sem einkenndi taflmennsku hans alla tíð – rökvísi hans í hugsun og djúp virðing fyrir viðfangsefninu. Ég er á því að þessir eiginleikar í taflmennskunni og viðhorf hans til skákarinnar hafi endurspeglast í flestu öðru sem hann tók sér fyrir hendur – verið hans aðalsmerki í einu og öllu. Fyrir honum var skákin viðfangsefni sem takast þurfti á við af festu og með fullri virðingu eins og önnur viðfangsefni sem lífið hafði upp á að bjóða. Mér fannst ég skynja það í öllu fari Guðmundar að honum þótti vænt um skákina, hún væri að vísu leikur - en verðskuldaði að vandað væri til verksins. Hann gekk til leiks af fullri einurð og festu.

Guðmundur hafði mjög sjálfstæðan stíl þótt vafalaust hafi hann sótt ýmislegt í smiðju til annarra – sér í lagi þeirra sem skærast skínu á stjörnuhimninum um þessar mundir, eins og t.d. sovéska skáksnillingsins Michaels Botvinniks – sem einmitt á mótunarárum Guðmundar í skákinni (1945 – 1950) þótti bera ægishjálmi yfir aðra skákmenn í heiminum. Raunar hef ég þó grun um að helsta fyrirmynd hans hafi þó verið Kúbumaðurinn Jose Raul Capablanca, sem verið hafði heimsmeistari í skák á árunum 1921 - 1927, og var í miklu uppáhaldi hjá mörgum hérlendis á þessum árum, m.a. átrúnaðargoð hjá þeim sem þessar línur ritar. Og fleiri mætti nefna eins og t.d. Alexander Alekhine, rússneskan aðalsmann, sem kaus að flýja land í byltingunni 1917. Hann náði heimsmeistaratitlinum af Capablanca 1927 og hélt titlinum til dánardægurs 1946. Og nefna mætti einnig Eistlendinginn Paul Keres sem var mjög áberandi á þessum árum – reyndar minnti Guðmundur mig alltaf á hann þegar ég kynntist Keres síðar meir - sama eðlislæga kurteisinn og fágun í framkomu. Þessir skákmeistarar voru allir miklir áhrifavaldar á þessum árum og áttu rík ítök í hugum okkar - hinna ungu upprennandi skákanna. En það gat verið vandkvæðum bundið að velja sér átrúnaðargoð og þetta orsakaði stundum deilur í okkar röðum hver væri hinn eini sanni “gúru” í hópi þessara skákjöfra - sem verðug fyrirmynd!

Því meira sem ég hefi orðið áskynja um hin ítarlegu og yfirgripsmiklu rannsókn- og fræðistörf Guðmundar og gert mér grein fyrir umfangi alls þess sem eftir hann liggur – þá get ég ekki annað en undrast það að Guðmundur skuli yfirleitt hafa fundið tíma til að sinna skákinni í þeim mæli sem hann þó gerði - og með þeim árangri sem raun ber vitni. Það gefur auga leið að það eitt að mæta til leiks í skákmóti án nokkurs teljandi undirbúnings setur menn í mjög erfða aðstöðu að það er jafnvel ekki á færi harðskeyttustu atvinnumanna að gera slíkt án þess að eitthvað fari úrskeiðis.

Ég varð þess var þegar fram liðu tímar að Guðmundur gerði sér far um að koma sér upp eigin afbrigðum í byrjunum til að komast hjá að tefla “teoríauna” eins og það var kallað – þurfa ekki að eiga það á hættu að lenda inn í einhverjum þaulkönnuðum og baneitruðum

afbrigðum. Í ljósi æfingarleysis og skorts á undirbúningi sem oftast hrjáði hann var þetta mjög skynsamlegt og oft reyndist honum þetta “heimbrugg” ágætlega.

Guðmundur hafði aldrei uppi áform um að leggja skákina fyrir sig – þess vegna reyndi aldrei á það hversu langt hann kæmist. Margt bendir til þess að hann hefði haft alla burði til að komast til æðstu metorða hefði hann látið á það reyna.

Ég skynjaði alla tíð að skákin var honum afar hugleikin – dægradvöl sem hann leitaði afþreyingar í frá amstri dægranna – eins og vinar sem ávallt var við höndina og spjalla mátti við þegar tækifæri gafst. Ég hef lúmskan grun um að stundum eftir langan vinnudag hafi það borið við að taflinu væri stillt upp og svo hafi verið “rúllað” í gegnum nokkrar skákir frá nýlegum viðburðum eða þá teknar fram bækur með úrvalsskákum gömlu meistaranna og endurnýjuð kynnin við þá. Vináttusambandið frá menntaskólaárunum rofnaði aldrei.

SKÁKFERILL

Upphafið á skákferli Guðmundar mun efalaust mega rekja til hins blómlega skáklífs í Menntaskólanum í Reykjavík á árunum er hann var þar nemandi. Hann hóf að tefla hjá Taflfélagi Reykjavíkur árið 1945 - í 2. flokki - eins og allir sem voru að stíga sín fyrstu spor í skákinni - og vann sig fljótlega upp í 1. flokk sama ár. Árið eftir vann hann sig upp í meistaraflokk og með sigri í meistaraflokki (B-riðli) á Skákþingi Íslendinga 1947 vann hann sér svo rétt til að tefla í landsliðsflokki. Þar með var hann kominn í fremstu röð íslenskra skákmanna og er óhætt að segja að öllu hraðara hafi þetta ekki getað gengið fyrir sig – að ná slíkum árangri á aðeins þremur árum. Og ári síðar varð hann í 2. sæti í Landsliðskeppninni á eftir Baldri Möller og sama ár í 2. - 3. sæti í Euwe-mótinu svonefnda sem haldið var í tilefni af komu fyrrverandi heimsmeistara, Hollendingansins Dr. Max Euwe, hingað til lands. Þar varð Dr. Euwe í fyrsta sæti. Þetta þótti að sjálfsögðu frábær árangur hjá Guðmundi og menn spáðu honum glæstri framtíð. En Guðmundur hafði önnur áform á þróunum – eins og áður hefur komið fram.

Sá sem þessar línur ritar, þá orðinn 13 ára og búinn að taka þátt í nokkrum skákmótum hjá Taflfélagi Reykjavíkur, hafði fylgst með skjótum frama Guðmundar í skákinni með lotningarfullri athygli – ekki bara vegna þess hversu allt gekk hratt fyrir sig – heldur miklu fremur fyrir þá sök hversu óvenju örugg og heilsteypt taflmennska Guðmundar var þá þegar orðin – mér fannst ég skynja þetta þótt ungur væri að árum og ég er ekki í neinum vafa um að taflmennska og frammistaða Guðmundar í þessu móti hafi orðið mér hvatning til dáða.

Eftir að Guðmundur lauk stúdentsprófi 1949 hélt hann til Svíþjóðar til framhaldsnáms við Tækniháskólann í Stokkhólmi. Hann tefldi það sama ár í haustmóti Wasa Schackförbund í Stokkhólmi og sigraði í því með fullu húsi vinninga.

Á næstu árum tefldi Guðmundur í ýmsum mótum, aðallega ólympíuskákmótum, stúdentaskákmótum og alþjóðlegum skákmótum í Reykjavík, ávallt við góðan orðstír. Ég sé ekki ástæðu til að gera nákvæma grein fyrir þessum mótum – þeim er öllum gerð skil í yfirlitinu um skákmótin hér á eftir. Ég vil þó geta þess sérstaklega að oft snérum við Guðmundur saman bókum saman á ólympíuskákmótum og í stúdentaskákmótum á þessum árum og það er mér er í fersku í minni hversu þægilegur félagi hann var og ávallt traustur

hlekkur í keðjunni þegar reyndi á liðsheildina í sveitakeppnunum. Á þessum mótum stóð hann fyrir sínu og var jafnan einn helsti máttarstólpinn í liðinu. Nefna ber sérstaklega frammistöðu hans á stúdentamótinu í Lyon 1955 þar sem hann tefldi eins og sá sem valdið hefur og vann hverja skákina á fætur annarri gegn þekktum skákköppum. Taflmennska hans í þessu móti bar því glöggt vitni hvers hann var megnugur og verður mér ávallt óræk sönnun þess hversu miklum hæfileikum hann var búinn.

Guðmundur hvarf að mestu leyti af skáksviðinu 1966 þótt hann héldi ávallt tryggð við skákina – væri t.d. í stjórn Skáksambandsins 1967 - 1968. Hann tefldi þó í einu móti áður en hann lést - eftir 35 ára hlé frá skákinni, í minningarmóti um Jóhann Þóri Jónsson 2001.

SKÁKMÓT:

- 1945: Skákþing Íslendinga, 2. flokkur. 5v./6.
- 1946: Skákþing Reykjavíkur, 1.flokkur. 3 ½ v/9.
Skákþing Íslendinga, 1. flokkur. 2. 6 ½ v/8.
- 1947: Skákþing Reykjavíkur, meistarafl. 7. 5v/11.
Skákþing Íslendinga, meistarafl (B) 1. 6v./7.
Haustmót Taflfélags Rvk., meistarafl. 7. - 8. 4v./9.
- 1948: Landsliðskeppnin, 2. 7v./10.
Euwe-mótið, 2. – 3. 3v./5.
- 1949: Haustmót Wasa Schackförbund, Stokkhólmi, 1. 7v./7.
- 1950: Skákmót Stockholms Schackförbund, meistarafl., 1. - 2. 6v./8.
- 1953: Stúdentamót Svíþjóðar í Uppsölum, 1. - 11v./12v.
Heimsmeistaramót stúdenta í Brüssel, 1. borð. 4 ½ v/7.
- 1954: Heimsmeistaramót stúdenta í Osló, 1. borð. 5v./9.
Svæðamótið í Prag og Marianske Lazne, 15. – 16. 7v./19.
Ólympíuskákmótið í Amsterdam, 3. borð 3v./8.
- 1955: Heimsmeistaramót stúdenta í Lyon í Frakklandi, 1. borð. 7 ½ v/12.
Haustmót Taflfélags Rvk. – Pilnikmótið, 2. – 3. 6 ½ v./9.
- 1956: Heimsmeistaramót stúdenta í Uppsölum í Svíþjóð, 2. borð. 8v./10.
- 1957: Heimsmeistaramót stúdenta í Reykjavík, 2. borð. 7v./13.
Stórmót Taflfélags Reykjavíkur, 5. 6 ½ v./11.
- 1958: Ólympíuskákmótið í München í V – Þýskalandi, 2. borð. 9v./16.
- 1960: Skákþing Íslendinga, 5. – 6v./8.
- 1961: Hraðskákmeistari Taflfélags Reykjavíkur.
- 1964: 1. alþjóðlega Reykjavíkurskákmótið, 6. 7v./13.
- 1965: Hraðskákmeistari Íslands.
- 1966: 2. alþjóðlega Reykjavíkurskákmótið, 4. 7v./11
Ólympíuskákmótið í Havanna á Kúbu, 3. borð. 6v./16.
- 2001: Minningarmót Jóhanns Þóris Jónssonar, 19. – 26. 5v./10.